

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR - FRAMHALDSAÐALFUNDUR

Ár 2024, föstudaginn 28. júní var haldinn framhaldsaðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað og hófst kl. 8:30.

Þessi sátu fundinn fyrir hönd eigenda: Einar Þorsteinsson, borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sat fundinn Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála, Elín Smáradóttir, yfirlögfræðingur auk Gylfa Magnússonar, stjórnarformanns sem stýrði fundi.

Þetta gerðist:

Formaður stjórnar setti fund sem er framhaldsfundur eftir aðalfund 17. apríl 2024. Samþykkt var að formaður stýrði fundi og að fundarritari yrði Elín Smáradóttir. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins og lýsti hann lögmetan eftir að engar athugasemdir komu fram af hálfu eigenda við boðun hans.

- Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur, sem frestað var á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 17. apríl 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfeldri niðurstöðu óvissubátta til samræmis við greinargerð.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Tillagan samþykkt.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. ??

Einar Þorsteinsson

Haraldur Benediktsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Undirritunarsíða

Einar Þorsteinsson

Haraldur Benediktsson

Stefán Broddi Guðjónsson